



Fundargerð 1. fundar stjórnar SSA 7. maí 2019

Fundur nýkjörinnar stjórnar sem kjörin var á aðalfundi SSA þann 7. maí 2019. Fundurinn hófst kl. 14:00 og var haldinn í Valaskjálfi á Egilsstöðum.

Mætt voru Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálina Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Jóna Árný Þórðardóttir skrifaði fundargerð.

Aldursforseti stjórnar, Sigríður Bragadóttir setti fundinn og var gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Stjórn skiptir með sér verkum

2. Boðun á fundi

2.1. Boð um að funda með fjárlaganefnd vegna fjármálaáætlunar

3. Önnur mál

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Aldursforseti kallaði eftir tilnefningum í sæti formanns SSA.

Stefán Bogi Sveinsson tilnefnir Einar Má Sigurðarson sem formann SSA sem samþykkt var samhljóða.

Einar Már þakkaði traustið og tók við stjórn fundarins.

Einar Már tilnefnir Gunnar Jónsson sem 1. varaformann SSA og Hildi Þórisdóttir sem 2. varaformann og var það samþykkt samhljóða.

2. Boðun á fundi

2.1. Boð um að funda með fjárlaganefnd vegna fjármálaáætlunar

SSA hefur fengið boð um að funda með fjárlaganefnd þann 16. maí kl. 14:00 vegna fjármálaáætlunar. Stjórn samþykkir að formanni og framkvæmdastjóra sé falið að ganga frá umsögn SSA um fjármálaáætlun og að framkvæmdaráð sitji fund með fjárlaganefnd þar sem stefnt er að því að fundurinn verði fjarfundur frá Egilsstöðum.

3. Önnur mál

- Stjórn óskar eftir því að sett verði saman fundaaætlun stjórnar SSA fram að næsta aðalfundi vorið 2020. Framkvæmdastjóra er falið að setja sama drög að fundaaætlun fyrir næsta stjórnarfund.
- Næsti fundur stjórnar verður þann 28. maí á Reyðarfirði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30



Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Pálína Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson